

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**
Dagsetning: **17. desember 2021**
Málsnúmer: **FJR21120007**
Bréfalykill: **3.6**

Efni: Umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárhagslegar viðmiðanir og lögum um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (fjárhagslegar viðmiðanir og lykilupplýsingaskjöl)

I.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir afstöðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins til umsagna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárhagslegar viðmiðanir og lögum um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (fjárhagslegar viðmiðanir og lykilupplýsingaskjöl) (164. þingmál). Nefndinni hafa borist umsagnir frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Seðlabanka Íslands.

II.

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja er lagt til að undanþáguheimild 3. gr. frumvarpsins, til að bæta vöxtum við höfuðstól oftár en á tólf mánaða fresti, verði látin eiga almennt við þegar þess er þörf til að endurspeglar virka vexti vaxtaviðmiðunar sem samningur styðst við, en takmarkist ekki við vaxtaviðmiðanir sem koma í stað vaxtaviðmiðana sem eru lagðar af eða verða ónothæfar. ELLA verði erfitt fyrir íslensk fjármálafyrirtæki að notast við nýjar alþjóðlegar vaxtaviðmiðanir, sem fyrirséð er að byggist almennt á daglánavöxtum, og þau muni því ekki standa jafnfætis fjármálafyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum.

Að mati ráðuneytisins gæti án slíkrar heimildar orðið erfitt fyrir íslensk fjármálafyrirtæki að styðjast við nýjar alþjóðlegar vaxtaviðmiðanir, sem miðast við dagvexti, í samningum sem eru til lengri tíma en eins dags. Ráðuneytið er ekki meðvitað um önnur rök sem mæla gegn slíkri heimild heldur en þau að hún vikur frá þeirri reglu sem almennt gildir um höfuðstólsfærslu vaxta samkvæmt vaxtalögum. Ráðuneytið telur því koma til greina að mæta tillögu Samtaka fjármálafyrirtækja.

III.

Í umsögn Seðlabanka Íslands er annars vegar bent á að túlka megi 3. gr. frumvarpsins þannig að hún heimili að vöxtum sé bætt við höfuðstól oftár en einu sinni á ári ef að samningur miðast við vaxtaviðmiðun sem kemur í stað vaxtaviðmiðunar sem er lögð af eða verður ónothæf, jafnvel þótt um sé að ræða nýjan samning en ekki samning sem hafi áður stúðst við vaxtaviðmiðun sem er lögð af eða verður ónothæf. Ráðuneytið tekur undir með Seðlabankanum að æskilegt sé að breyta ákvæðinu til að taka af vafa um þetta.

Í umsögn Seðlabankans er hins vegar lagt til að Seðlabankinn verði tilgreindur sem lögbært yfirvald í 1. mgr. 2. gr. laga um fjárhagslegar viðmiðanir, nr. 7/2021, í stað Fjármálaeftirlitsins. Í málsgreininni segir nú að Fjármálaeftirlitið sé lögbært yfirvald samkvæmt lögnum og hafi eftirlit með því að farið sé að þeim. Skv. 4. mgr. 2. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, er Fjármálaeftirlitið hluti af Seðlabankanum og fer hann með þau verkefni sem Fjármálaeftirlitinu eru falin í lögum. Það hvort vísað sé til Seðlabankans eða Fjármálaeftirlitsins í lögum hefur þó þýðingu við afmörkun á því hvort ákvarðanir heyri undir fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans og við ákvörðun á eftirlitsgjaldi samkvæmt

lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999, sem á að standa undir kostnaði vegna Fjármálaeftirlitsins og skilavalds en ekki vegna annarrar starfsemi Seðlabankans. Að mati ráðuneytisins eiga verkefni sem eru falin lögbæru yfirvaldi samkvæmt lögum um fjárhagslegar viðmiðanir, þar á meðal samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011 sem löggin lögfestu, að heyra undir Fjármálaeftirlitið. Ráðuneytið telur því rétt að vísa áfram til Fjármálaeftirlitsins frekar en Seðlabankans í 1. mgr. 2. gr. laga um fjárhagslegar viðmiðanir. Ráðuneytið telur það ekki geta valdið neinum vafa um það að lögaðilinn sem fari með verkefnið sé eftir sem áður Seðlabankinn.

IV.

Samkvæmt framangreindu telur ráðuneytið tilefni til að breyta 3. gr. frumvarpsins, annaðhvort til að mæta tillögu Samtaka fjármálafyrirtækja eða til að skerpa á því að ákvæðið takmarkist við þau tilvik þegar skipta þarf út vaxtaviðmiðunum sem stuðst hefur verið við í samningum eða fjármálagerningum því þær eru lagðar af eða verða ónothæfar.

Telji nefndin æskilegt að mæta tillögu Samtaka fjármálafyrirtækja telur ráðuneytið unnt að gera það með þeim hætti sem samtökin leggja til, það er með ákvæði sem orðast með eftirfarandi hætti:

Höfuðstólsfærsla vaxta samkvæmt vaxtaviðmiðun.

Þrátt fyrir 2. másl. 1. mgr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, má bæta vöxtum við höfuðstól oftar en á tólf mánaða fresti ef þess er þörf til að endurspegla virka vexti vaxtaviðmiðunar.

Telji nefndin æskilegra að takmarka ákvæðið áfram við staðgönguviðmiðanir telur ráðuneytið að skerpa megi á merkingu þess til dæmis með eftirfarandi hætti:

Höfuðstólsfærsla vaxta samkvæmt staðgönguviðmiðun.

Þrátt fyrir 2. másl. 1. mgr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, má bæta vöxtum við höfuðstól oftar en á tólf mánaða fresti ef þess er þörf til að endurspegla virka vexti vaxtaviðmiðunar sem kemur í stað vaxtaviðmiðunar sem stuðst hefur verið við í samningi eða fjármálagerningi en er lögð af eða verður ónothæf.